

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum**

70. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum var haldinn miðvikudaginn 30. maí 2018 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 10:00.

Mætt f.h FT, Sigrún Grendal og Guðbjörg Sigurjónsdóttir. Af hálfu SNS mættu Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Breyting á samþykktum og starfsreglum Starfsmenntunarsjóðs FT vegna styrkveitinga í tengslum við ferðakostnað innanlands.

Niðurstaða:

Frá og með 1. júní 2018 mun eftirfarandi málsgrein bætast við grein 3.1.3 í samþykktum og starfsreglum Starfsmenntunarsjóðs FT:

Ferðakostnaður innanlands er styrktur í þeim tilfellum sem önnur leið frá vinnustað að námskeiðs/ ráðstefnustað er a.m.k. 50 km. Í þeim tilfellum sem ferðakostnaður fellur til vegna notkunar á eigin bifreið er greitt kílómetragjald. Greiðsla kílómetragjalds felur í sér að fylgt er sömu viðmiðum um gjald pr. km og ákvarðað er af Sjúkratryggingum Íslands, þó verði að hámarki greiddar 45.000 kr. Vegna aksturs félagsmanna á höfuðborgarsvæðinu til og frá Keflavíkurflugvelli er greidd föst upphæð kr. 3.000 (báðar leiðir). Umsækjandi geri í öllum tilfellum grein fyrir eknum km í umsóknarferli á Mínum síðum. Umsókn um ferðakostnað verður að fylgja með umsókn um námskeið/ ráðstefnu þar sem ekki er hægt að sækja um eftirá.

Fundi slitið klukkan 10:30.